

Ed.

369. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Undirritaður telur stjórn fiskveiða nauðsynlega vegna takmarkaðra fiskistofna.
2. Sú stjórnunaraðferð, sem beitt hefur verið undanfarin ár, hefur að mati undirritaðs skilað afar takmörkuðum árangri. Þrátt fyrir ýmsar lagfæringar er kerfið enn meingallað. Það dregur úr sjálfsbjargarviðleitni og heftir framsækna fiskimenn meira en góðu hófi gegnir.
3. Stírðbusaleg framkvæmd á afbrigðilegum tilvikum hjá einstökum fiskiskipum gerir þetta stjórnkerfi verra en þyrfti að vera.
4. Samkvæmt frumvarpinu tekur of langan tíma að vinna sig út úr úthlutuðum afla. Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 19. des. 1985.

Karl Steinar Guðnason.